

Adalsími Þjóðviljans er 81333 kl. 9-20 mánudag til föstudags. Utan þess tíma er hægt að ná í blaðamenn og aðra starfsmenn blaðsins í þessum símum: Ritstjórn 81382, 81482 og 81527, umbrot 81285, ljósmyndir 81257. Laugardaga kl. 9-12 er hægt að ná í afgreiðslu blaðsins í síma 81663. Blaðaprent hefur síma 81348 og eru blaðamenn þar á vakt öll kvöld.

Aðalsími
81333

Kvöldsími
81348

Helgarsími
afgreiðslu
81663

nafn vikunnar



Sigurður Björnsson

För Sinfóníuhljómsveitar Íslands til Austurríkis á dögnum hefur orðið tilefni deilna í tónlistarheiminum. Mörgum þykir sem hlóm-sveitin hafi ekki verið fulltrúi íslenskrar tónlistar, þar sem aðeins eitt íslenskt tónverk var leikið og norskur píanóleikari lék einleik með sveitinni og fékk slæma dóma. Félag íslenskra tónlistarmanna hefur lýst þessu sem móðgun við íslenska tónlistarmenn. En hvað segir Sigurður Björnsson framkvæmdastjóri Sinfóníunnar?

Þegar við höfðum samþykkt að leika píanókonert Griegs í Wiesbaden þá fór ég til mjög þekkts tónlistarmanns íslensks sem gjörþekkir til og það hann að nefna mér menn til að leika þennan konsert og hann nefndi þrjá menn, alla norska. Það var m.a. vegna hans ráða sem Kjell Bækkelund var fenginn til fararinnar.

Ekki vegna þess að þú teldir íslenska einleikara óhæfa?


Því hefur verið haldið fram af m.a. Rögnvaldi Sigurjónssyni og ég verð að fá að svara því. Rögnvaldur hringdi í mig s.l. haust og vildi fá að tala við mig og ég varð að sjálfsgöngu við því enda erum við gamlir vinir. Það kom svo í ljós eftir á að hann var að tala við mig sem formaður Félags ísl. tónlistarmanna. Hann spurði mig um þetta einleikaramál og ég staðfesti að Bækkelund hefði verið ráðinn til að flytja konsertinn og hann spurði hvort ég hefði ekkert stolt sem ég sagðist eiga nóg af. Hvers vegna væri þá ekki fenginn íslenskur einleikari og ég sagði: „En ef ég treysti þeim ekki“. Þetta sagði ég í gríni og til að stríða Rögnvaldi m.a. vegna mjög óviðurkvæmilegra orða sem hann hafði látið falla við mig skömmu áður um þekktan tónlistarmann. Það eru ósannindi að halda því fram að ég vantreysti íslenskum píanistum. Ég vil líka minna á að Manuela Wiesler lék með okkur einleik úti og við teljum hana Íslending nema kannski Rögnvaldur, hann sagði í Morgunpósti að enginn íslenskur einleikari hefði verið með.

Ekkert verk var flutt í Austurríki eftir menn sem eru að semja á Íslandi í dag.

Nei, því miður, ég reyndi hvað ég gat til að koma því í kring, en gestgjafarnir höfðu sínar óskir um efnisskrána og því urðum við auðvitað að hlíta. Ég tel að það hafi raunar verið mjög boðlegt að vera með norskan konsert með norskum píanista og franska símfóníu (César Franck) undir stjórn aðalstjórnanda okkar Frakkans Jacquillat með Minni Íslands eftir Jón Leifs sem forleik, þegar við lékum í Wiesbaden. Einnig frumfluttum við í ferðinni austurrískt verk „Snúning“ sem var sérstaklega tileinkað okkur. —j

Litið inn hjá Hafsteini Austmann að Kjarvalsstöðum

Þar er stundum haft við orð að annar hver Íslendingur fáist við að mála myndir, ef ekki, þá eru þeir að leika eða skrifa. Sumir mála sér til dundurs, fyrir aðra er málalastin sjálf alvara lífsins.



Listamaðurinn við eitt verka sinna sem hann kallar vorleysingu. Ljósmynd: eik.

Listin er vinna og aftur vinna

leið til að tjá tilfinningar sínar og viðhorf.

Unnendur myndlistar hafa mátt hafa sig alla við í vetur til að fylgjast með, svo margar hafa sýningar verið. Sumar fara hátt og vekja athygli, aðrar láta minna yfir sér, en bera engu að síður vott um mikla vinnu og listrænan aga.

Dag einn í byrjun júnímánaðar sest blaðamaður niður með Hafsteini Austmann listmálara sem að undanförunu hefur sýnt verk sín að Kjarvalsstöðum. Það er ekki seinna vænna að spjalla við hann, því nú er síðasta sýningarhelgin.

Ég held mínu striki


Hafsteinn er vel þekktur málari. Hann telst til þeirra sem haldið hafa sig við abstraktmálverkið allt frá því að hann kom heim frá námi í París fyrir 25 árum.

— Hafa aðrar stefnur aldrei freistað þín, t.d. hið nýja raunsefni, sem nú er ofarlega á blaði meðal málara?

Natúralismi höfðar ekki til mín. Mér finnst ekkert spennandi við það að fótografera náttúruna. Það er allt í lagi að nota fjall sem fyrirmynd í málverki, en fjallið á ekki að ráða myndinni. Það er hægt að njóta náttúrunnar sem slíkrar, en að reyna að nota hana óbreytta í myndlist er misskilningur á málverki.

Fyrir mér er það að mála vinna og meiri vinna. Bak við hverja mynd sem heppnast eru margar misheppnaðar. Ég er ekki upp á sölu kominn, ég held mínu striki. Ég mála eins og mér finnst henta mér, en hleyp ekki eftir tiskustefnum eða almenningsálitinu. Það er mitt að hafa áhrif á almenningsálit, það á ekki að stjórna mér.

— Finnst þér staða málalastarinnar hafa breyst þau 25 ár sem þú hefur fengist við að mála? Hér áður var ákveðinn sjarmi



Hafsteinn Austmann. Ljósmynd: eik.

yfir málurum, þeir voru álitnir bóhemar og þegar ég og mín kynslóð var að byrja var auðveldara að verða þekktur. Ungir myndlistarmenn eiga erfiðara uppdráttar í dag að því leyti. Þeir eru svo margir og sýningarnar svo margar. Ég get nefnt að þegar Bragi Asgeirsson hélt sína fyrstu málverkasýningu, þótti það viðburður. Sýningar komust á forsiður dagblaðanna í þá tíð. Harkan er miklu meiri núna og menn verða að gripa til ýmissa ráða til að vekja á sér athygli. Abstraktmálarnir ollu hneykslun, án þess að ætla sér það, nú reyna menn að hneyksla til að vekja á sér athygli. Nýlistin t.d., hún verkar á mig eins og hver önnur skrytla, og á kannski að vera þannig. Aðalatriðið er auðvitað

að vinna vel og trú á það sem maður er að gera.

Á franska visu

— Hvernig skilgreinir þú þína eigin list?

Það er nú kannski ekki mitt að skilgreina, en ætli ég sé ekki einhvers staðar milli lýrískrar abstraktlistar og geometríu. Min kynslóð kom á eftir septembermálurum, þeir voru um það bil að hætta að sýna saman þegar ég steig mín fyrstu spor á listabrotinu. Þeir voru róttækir, á öndverðum meibi við fyrirskipaðar stefnur, þeir voru harðlinuskóli, róttækir í málverkinu og litu á það sem framhald stjórn mála-

byltinganna. Það er gaman að minnst þess að haft var eftir Jónasi frá Hriflu, sem skammaðist hvað mest yfir óhlutbundinni list að eitt hefði Stalin mátt eiga að hann hefði kunnað að láta mála góðar myndir. Þeir áttu samleið í mati sínu á myndlistinni, meðan róttækir málara fyllu inn í hvorugt kerfið. Við sem komum á eftir septembermálurum vorum mýkri í formum og lýrískari.

— Þú sagðir að myndlistin væri fyrst og fremst vinna, eins og reyndar öll list er, en hvernig vinnur þú? Hvernig lifur þinn dagur?

Ég er opinber starfsmaður hálfan daginn og kenni teikningu í Kársnesskólanum í Kópavogi. Ef ég fæ „góða töflu“, þá lifur dagurinn einhvern veginn þannig að ég fer á fætur árla, fer til kennslu, kem heim fyrir hádegi, bregð mér í sund og borða hádegisverð. Eftir hádegi fer ég út í vinnustofu mína og þar mála ég fram að kvöldmat. Á kvöldin taka við sjónvarpsgláp, heimsóknir til kunningja, leikhúsférd eða eitthvað slíkt. Þetta eru svipuð vinnubrögð og franskir málara tíðka. Þeir bregða sér út á kvöldin og sitja á kaffihúsum yfir rauðvinsglasi og rabba við kunningjana. Einu sinni var sagt að í Skandinavíu væri annað uppi á teningnum, þar litu málara á listina sem lífsháska og máluðu upp á líf og dauða. Nú er líðinn hálfur mánuður síðan ég snerti á pensli, ég hef verið að sinna sýningunni, en nú er mig farið að klæja í lófana eftir að fara að vinna.

Að kunna sitt fag

— Fylgdist þú með listþinginu um síðustu helgi?

Bara í gegnum fréttir fjölmiðla. Mér fannst mjög athyglisvert það sem fram kom um afnot af myndverkum. Myndlistarmáður selur sitt verk í eitt skipti fyrir öll og síðan er það horfið yfir lífi hans. Aðrir listamenn fá greitt fyrir endurtekin afnot af þeirra verkum.

Í framhaldi af þessu, af því að við vorum áðan að ræða um hlut myndlistarinnar, þá eru þar fleiri kallaðir en útvaldir. Það er ekki hægt að meta myndlistina eftir þeim fjölda sýninga sem eru á boðstólum, og segja því fleiri sýningar, því meiri möguleiki á góðri list. Ég trúi fyrst og fremst á vinnuna. Menn verða að kunna sitt fag, það er ekki nóg að kaupa sér pensil og liti og fara svo að mála, eða ætla að bíða eftir inspirasjón. Þeir sem vilja ná árangri vita að til þess þarf vinnu og aftur vinnu.